

Fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Hellna og Stapa

Fundurinn var haldin á gestastofu Þjóðgarðsins á Snæfellsnesi 22.1.20 kl. 13:05

Fundarmenn

Ólína Gunnlaugsdóttir, íbúi og landeigandi
Hjálmar Kristjánsson, íbúi og hagnunaðili
Ragnhildur Sigurðardóttir, fulltrúi Svæðisgarðsins Snæfellsnes
Magnús Á. Sigurðsson, minjavörður
Jón Björnsson, þjóðgarðsvörður
Linda Björk Hallgrímsdóttir, Umhverfisstofnun
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Umhverfisstofnun
Hildur Hafbergsdóttir, Umhverfisstofnun
Aron Geir Eggertsson, Umhverfisstofnun (ritaði fundargerð)

Dagskrá:

Staða verkefnisins.

1. Farið yfir uppfærða verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun.
2. Farið yfir 1. og 2. kafla í stjórnunar- og verndaráætluninni og athugasemdir skráðar.
3. Farið í gegnum 3. kafla. Hugmyndir samstarfshópsins um stefnu og verkefni.
4. Farið yfir lista yfir landeigendur í friðlandinu.
5. Kynning á ástandsmati.
6. Önnur mál.

Fundarefni:

Samstarfshópurinn kom fyrst saman fyrir tæpu ári til að vinna að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir ströndina við Stapa og Hellna og Bárðarlaug. Hann hefur þegar lokið við áætlun fyrir Bárðarlaug. Breytingar hafa orðið á hópnum. Minjavörður Vesturlands hefur bæst við og skipti hafa orðið á fulltrúa landeigenda.

Guðbjörg stiklar á stóru varðandi helstu þættina í STV-áætlunum. Fór í gegnum hvað kemur fram í hverjum kafla fyrir sig. Farið aðallega í 3. kaflann og hvernig UST nýtir kaflann. Farið í gegnum sérreglurnar og hvernig ferlið er í heild sinni.

Farið yfir mikilvægi þess að samstarfshópur komi inn í 3. kafla og að hópurinn sendi athugasemdir jafn óðum.

Verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun.

Farið yfir uppfærða tíma- og verkáætlun, ekki neinar athugasemdir. 1 áfangi er búinn. Laga þarf upplýsingar á heimasíðu í samræmi við það.

Guðbjörg kynnir samráðsaðila. Listi var samþykktur í fyrra og haldið sig við hann. Engar athugasemdir gerðar við samráðslista að svo stöddu.

1., 2. og 3. kafli

Farið í gegnum kafla 1 og 2 en margt rætt í leiðinni sem færi inn í 3ja kafla.

Bent er á orðið „ymur“. Þarf að skipta því út.

Rætt um leiðarljósið. Bent er á að gott sé að hugsa um hvernig við sjáum svæðið eftir 10 ár. Bent á að koma þurfi fram að tryggja þurfi öryggi gesta. Ekki þörf á að hafa það í leiðarljósi en nauðsyn inni í áætluninni. Leiðarljósið þarf að skapa gæðahugsun í vinnu okkar. Leiðarljósið haft til hliðsjónar í gegnum vinnuna. Þarf líka að horfa til sögulegs gildis svæðisins. **Lagt til** að fólk setjist niður og skrifi niður sínar hugmyndir að leiðarljósi.

Mikilvægt að fólk geti gengið í friðlandinu og upplifað öryggi. Göngustígar séu öruggir. Miða að öryggi gesta á meðan við njótum náttúrunnar.

Talað um að hringleið um svæðið sé nauðsynleg og að vegurinn sé ekki hluti gönguleiðarinnar.

Rætt um höfnina og aðgang að henni fyrir ferðamenn. Rætt að hann þurfi að bæta og að ekki sé mikið mál að hafa þetta þannig að fólk geti farið um á öruggan hátt og án þess að trufla atvinnustarfsemina.

Bent á að setja þurfi upp skilti fyrir kríuvarpið.

Vakin athygli á að friðlandið sé tvískipt, Stapi og Hellnar út að höfninni og svo landið þar fyrir neðan, þar sem friðlýsingin er nánast bara ströndin. Hugmyndir um að skipta áætlun í tvennt út frá þessu.

Miklar menningarminjar á ströndinni og það svæði ætti að fá að vera í friði, þ.e. syðsti hluti friðlandsins, ekki hafa áherslu á ferðamenn. Órannsakað svæði og ósnortið. Engin röskun þrátt fyrir byggð. Halda því þannig. Talið að þeir sem búa þarna og eiga lönd séu sömu skoðunar. Skipta má friðlandinu í tvennt eins og stundum er gert í stv-áætlunum, þegar ólíkar áherslur eru á hluta svæða.

Landeigendur

Listi yfir landeigendur talinn vera réttur, hugsanlega vanti einn. **Ólína** ætlar að kanna það. Spurning hvort landið Arnarstapamegin sé ríkiseign en hópurinn telur það ekki vera heldur í eigu

Snæfellsbæjar. Í athugasemd við fundargerð kom fram að það er rétt, Snæfellsbær keypti Arnarstapaland af ríkinu.

Farið yfir kaflana:

Gera þarf gott kort fyrir svæðið.

Athuga stærð svæðis.

Ólína tekur fram að Hellnar sé ekki skilgreint sem þéttbýli. Uppfyllir ekki skilyrði.

Breyta „máfur“ í „mávur“

Meningarminjar:

2.3 Þörf á að minnast á vikurnámið. Einnig þarf að tilgreina fornleifaskráningu – vantar heimild (Ragnar Edwards). Rætt var um að fornleifaskráning hafi ekki verið kláruð á Hellnum. Athugasemd barst um að aðalskráning hafi verið gerð á Arnarstapa og Hellnum vegna aðalskipulagsgerðar þar 2002-2003 og gerð sé grein fyrir skráðum minjum á aðalskipulagsupprætti. Einnig var rætt að Ásgrímsbrunnur væri strangt til tekið ekki innan friðlýsta svæðisins, hafnarsvæðið er undanskilið. Athugasemd barst um að í gildandi aðalskipulagi Snæfellsbæjar sé hafnarsvæðið innan friðlýsta svæðisins (sem er í skipulagi skilgreint sem takmörkun á landi), en landnotkun er hafnarsvæði. Afmörkun friðlýstra svæða var unnin í samráði við Umhverfisstofnun.

Talað um Sölva vegna Sölvahamars en bent á að bæta Rauðfeldi við, einnig Helgu Bárðardóttur.

Landbúnaður og útgerð:

Íbúar eiga enn hross.

Spurning hvort eigi við að segja að það sé ekki landbúnaður innan friðlandsins? Já, miðað við stöðuna í dag.

2.4.1 Sjósókn er allt árið en fer eftir veðri.

Ferðapjónusta, kvikmyndataka og ljósmyndir:

2.4.2 Fjöruhúsið er ekki innan friðaða svæðisins segir Ólína. Aths: Í gildandi aðalskipulagi Snæfellsbæjar er Fjöruhúsið innan friðlýsta svæðisins og á landnotkunarsvæði hafnarinnar. Afmörkun friðlandsins nær upp að vegi ofan hafnarsvæðis og var unnin í samráði við Umhverfisstofnun.

Taka út úr kaflanum.

Jón talar um að þeir sem ætla að vera með kvikmyndatöku í atvinnuskyni þurfi leyfi. Ekki beint hægt að tala um að það sé til verndar dýralífs. Skoða friðlýsingaskilmálana.

Ólína talar um að það var heimafólk sem bað um friðlýsinguna. Barningur að fá friðlýsinguna í gegn á sínum tíma. Aðallega gert útaf Baðstofunni og ströndinni þar í kring. Var miðað að því að hægt væri að gera hafnir án þess að raska. **Hópur sammála um að þetta sé góður og mikilvægur punktur.**

Byggingar:

2.4.2 Þarf að lagfæra með kaffihúsið.? Sennilega tvö íbúðarhús í friðlandinu. Aths: Samkvæmt afmörkun í gildandi aðalskipulagi Snæfellsbæjar eru engin íbúðarhús á friðlandi strandarinnar

Arnarstapa/Hellna. Innan friðlýsta svæðisins eru samkvæmt aðalskipulagi hús á hafnarsvæði á Arnarstapa og Fjöruhúsið á hafnarsvæði Hellna.

Aðgengi; Bílar og stæði

2.5.3 Ólína segir að gamlar stikur séu við Miðgötuna. Langt síðan hún fór og ekki á hreinu. Líklega ekki búið að stika. Hjálmar heldur einhver merki hafa verið.

Breyta orðalagi um bílastæði á Hellnum. Hafa að tvö svæði hafi verið sett undir bílastæði. Gróuhóll er ekki opinbert bílplan. Tilheyrir Brekkubæ og er í einkaeigu. Aths: Bílastæði á Gróuhóli er á landi Brekkubæjar, en var gert á vegum Vegagerðarinnar og er opinbert bílastæði.

2.5.5 Umræða um úrgangsvandamál. Fólk veit ekki hvar eigi að henda rusli og sé oftast en ekki að henda á vitlausa staði. Hugmynd að hafa djúpgám á svæðinu.

Ánægja með að banna dróna.

Jón talar aðeins um fjármagn fyrir pall hjá Músagjá og fjármagn í að laga göngustíg milli Hellna og Arnarstapa. Spurning hvort eigi að opna útsýnisstaði. Óskað var eftir viðbótar fjármagni sem sennilega er komið í gegn. Jón talar um að almennt sé fjármagn að koma í stíga og gönguleiðir og skilti.

Kynning á ástandsmati:

Jón telur að ferðamannastraumur á svæðið muni haldast í hendur við markaðssetningu á Íslandi. Auk þess virðist aukningin vera meiri á Snæfellsnesið þar sem Suðurlandið sé „Sprungið“.

Þarf að taka myndir og GPS hnit af svæðinu í ljósi ástandsskoðunar.

Umræða um að mikilvægt sé að grafa stíga ekki niður.

Umræða: Ólína talar um að það sé ekki nógu mikill peningur sem skilar sér frá ferðapjónustunni. Hugmynd hvort hægt væri að leigja bílastæði til ferðapjónustufyrirtækja. Fyrirtækið ætti þá tryggt stæði og greiddi fyrir.

Lúpína er mest við Álfafell og hefur breiðst út þaðan. Taka þarf á málinu.

Framhaldið:

Guðbjörg óskar eftir commentum. „Heimaverkefni“ hópins er að skila inn hugmyndum að leiðarljósi og lesa yfir kafla 1 og 2 og setja inn athugasemdir.

Guðbjörg ætlar að uppfæra og senda 1. og 2. kafla og senda á hópinn sem skilar athugasemdum innan 10 daga.

Fundi slitið 15:24

